

# Fundargerð 144. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2023, fimmtudaginn 9. febrúar kl. 11:45 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Álfhildur Leifsdóttir, Helgi Arnarson, Helgi Grímsson og Kristín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn: Anna Ingadóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Róslín Alma Valdemarsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Heimili og skóli - foreldrastarf í þágu farsældar barna - 2302002SA

Nýlega undirritaði mennta- og barnamálaráðherra undir samning við Heimili og skóla um fjárhagslegan stuðning til að efla foreldrastarf í þágu farsældar barna.

Samningurinn er liður í aðgerðum stjórnvalda við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, innleiðingu menntastefnu til 2030 og Barnvæns Ísland. Markmið samnings eru m.a. að stuðla að endurreisn og eflingu foreldrastarfs um allt land á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi með því að virkja foreldra, veita þeim stuðning og ráðgjöf og gefa þeim hlutverk og verkfæri til að vera virkir þátttakendur í öflugum samstarfi við skóla, aðra foreldra og sveitarfélögin.

Nefndarmenn lýsa yfir mikilvægi þess að byggja upp samstarf heimilis og skóla og fagna því að ráðherra veiti verkefninu stuðning með þessum samningi við Heimili og skóla.

Heimili og skóli mun leita eftir samstarfi við sveitarfélög og framhaldsskóla til að greina stöðuna, áskoranir og tækifæri í þessu verkefni.

Fræðslumálanefnd hvetur sveitarfélög og framhaldsskóla til að taka virkan þátt í verkefninu með það að markmiði að byggja upp og efla foreldrasamstarf og samráð.

### 2. Fræðslumálanefnd 2022-2026 - 2302006SA

Upplýsingar um stöðu ýmissa verkefna við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, mótun heildstæðrar skólaþjónustu, mótun nýrrar stofnunar (MMS) og önnur verkefni á sviði fræðslumála.

Farið var yfir verkefnin, samráð vegna þeirra og þá stýri- og starfshópa sem starfandi eru í dag í. Fræðslumálanefndin lagði áherslu á mikilvægi þess að eiga samráð við Grunn um mótun heildstæðrar skólaþjónustu og að boðið verði upp á samráð með rafrænum hætti til að tryggja þátttöku

*landasbyggðarinnar.*

*Farið var yfir málaskrá fræðslumálanefndar á vor önn.*

Helgi Grímsson vék af fundi kl. 12:30

Álfhildur vék af fundi kl. 12:50

Fundi var slitið kl. 13:00

---

Álfhildur Leifsdóttir

---

Helgi Arnarson

---

Helgi Grímsson

---

Kristín Jóhannesdóttir